

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2000

frá 28. júní 2000

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/98 frá 27. nóvember 1998⁽¹⁾.
- 2) Ályktun ráðsins 1999/C 222/01 frá 19. júlí 1999 um ástand flugumferðartafa í Evrópu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 90. lið (tilmæli ráðsins 98/376/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„91. **399 Y 0804(01):** Ályktun ráðsins 1999/C 222/01 frá 19. júlí 1999 um ástand flugumferðartafa í Evrópu (Stjtíð. EB C 222, 4.8.1999, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 277, 28.10.1999, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 46, 28.10.1999, bls. 159.

⁽²⁾ Stjtíð. EB C 222, 4.8.1999, bls. 1.

2. gr.

Texti ályktunar ráðsins 1999/C 222/01 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.